



# Hafnarfjörður

Skipulagsstofnun.

Borgartúni 7b.

105 Reykjavík.

Hafnarfirði 30.11.2022.

Málsnr. 2211242.

## Erindi:

### Umsögn um matsáætlun vegna uppbyggingar móttöku og geymslustöðvar fyrir koldíoxíð í Straumsvík.

Á fundi skipulags- byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 17. nóv. s.l. fól ráðið skipulagsfulltrúa að gera umsögn vegna matsáætlunar Coda-Terminal hf.

Coda Terminal hf. áformar uppbyggingu móttöku og- geymslustöðvar fyrir koldíoxíð (CO<sub>2</sub>), Coda Terminal, í Straumsvík. Framkvæmdin felst í niðurdælingu og varanlegri bindingu CO<sub>2</sub> í bergi. Fullbyggð mun Coda Terminal dæla niður allt að þremur milljónum tonna af CO<sub>2</sub> árlega. Samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 fellur framkvæmdin undir flokk A í 1. viðauka laganna, þ.e. framkvæmd sem ávallt er háð umhverfismati, með vísan til töluliðar 3.18 sem og töluliðar 10.19, vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn með 300 L/s meðalrennsli eða meira á ári. Matsáætlun þessi er verkáætlun komandi umhverfismats.

Fyrir liggur samstarfssamningur Hafnarfjarðarbæjar, Hafnarfjarðarhafnar og Coda Terminal um uppbyggingu á kolefnismóttöku- og förgunarstöð í straumsvík. Hafin er vinna við breytingar á skipulagsþáttum er lúta að þessu verkefni. Framlögð matsáætlun er í samæmi við þá vinnu. Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemdir við framlagða matsáætlun.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi.